

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

*Breyting á deiliskipulagi Skarðshlíðar, 2. áfanga, vegna Móbergsskarðs 8.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltrúa 29. júní sl. að grenndarkynna erindið. Breytingin felst í að íbúðum er fjölgað úr 3 í 4, neðsti hluti byggingarreits er felldur niður. Grunnflötur byggingarreits minnkar um 46 m<sup>2</sup>. Gert er ráð fyrir að minniháttar útbyggingar, svalir og skyggni megi fara 1 m út fyrir byggingarreit. Bílastæðum á lóð er fjölgað úr þremur í fjögur.

*Breyting á deiliskipulagi Skarðshlíðar, 3. áfanga, vegna Völuskarðs 12.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltrúa 29. júní sl. að grenndarkynna erindið. Breytingin felst í að raðhúsi af gerðinni R2 sem er hús á 2 hæðum með 2 íbúðum er breytt í parhús á 2 hæðum með 2 íbúðum. Gert er ráð fyrir fjórum bílastæðum innan lóðar í stað tveggja.

*Breyting á deiliskipulagi Suðurbæjar sunnan Hamars, vegna Öldutúns 20.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltrúa 20. júlí sl. að grenndarkynna erindið. Breytingin felst í að byggingarreitur fyrir bílskúr er færður til suðausturs þannig að framlína hans verði samhliða inndreginni framlínu hússins. Byggingarreitur bílskúrsins er stækkaður um 6 m<sup>2</sup>. Nýtingarhlutfall lóðarinnar breytist úr N=0,62 í N=0,64.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga og hafa uppdrættir og greinargerðir hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagstillögurnar öðlast þegar gildi.

*Hafnarfirði, 26. ágúst 2022.*

F.h. skipulagsfulltrúa,

**Anna Margrét Tómasdóttir** verkefnastjóri.

---

B-deild – Útgáfudagur: 9. september 2022